



AÐGERÐAÁÆTLUN SNÆFELLSBÆJAR

Aðgerðir Snæfellsbæjar

vegna COVID-19

2. útgáfa – 23. mars 2020

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun Snæfellsbæjar



Efnisyfirlit

Tilfnið	2
Samhengi	2
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig.....	3
Starfsemi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS).....	3
Fyrir eldri borgara.....	4
Þjónusta og starfsemi á vegum Snæfellsbæjar.....	6
Opnunartími og heimsóknir	6
Fundir	7
Eldhús, kaffi og veitingar	8
Hreinlæti og merkingar	8
Fjarvinna	8
Ferðalög	9
Annað - starfsfólk	9
Frekari upplýsingar	10
Gögn og upplýsingar annarra.....	11



Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Snæfellsbæjar leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir bæjarins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Snæfellsbæ er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisebættis. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Snæfellsbæjar við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 2. útgáfa, 13. mars 2020. [Sjá hér á vef bæjarins.](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Snæfellsbæjar sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk bæjarins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi Snæfellsbæjar til að (a) varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður.

Aðgerðaáætlunin er í stöðugri endurskoðun.

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar til íbúa á heimasíðu sveitarfélagsins og á facebook.

Í þessari samantekt er einnig að finna skilaboð frá stofnunum tengdum bænum, auk upplýsinga frá félagasamtökum sem þess hafa óskað.



Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Til að byrja með verður aðgerðaáætlun í heild sinni sett á vefinn, þar til mikilvægustu skilaboðin til íbúa og notenda þjónustu hafa verið sett saman í einfaldari útgáfu, til birtingar á vef.

Starfsemi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS)

Líkt og aðrar stofnanir fylgir FSS leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda og stofnana frá degi til dags. Eftirfarandi eru ráðstafanir skv. tilkynningu frá FSS:

- Helstu þjónustuþættir FSS eru virkir, þ.e. félagsþjónusta, barnavernd sem og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og ábyrgð FSS, þ.e. félagsleg heimaþjónusta, liðveisla og akstursþjónusta. Skólaþjónusta takmarkast tímabundið,- í samkomu- og gestabanni skólastofnana,- við ytri ráðgjöf sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskólanna, s.s. um síma, myndsíma, tölvupósta og net.
- Erfitt getur reynst að manna frekari forföll starfsmanna heimaþjónustu sveitarfélaganna. Gagn væri því að skráningu fleri „bakvarða“ velferðarþjónustu, sem mætti leita til
- Dagþjónustur í Ásbyrgi, Stykkishólmi, og Smiðjunni, Ólafsvík, eru einungis opnar skjólstæðingum og starfsfólki. Aðgangur gesta þangað er óheimill til að varna útbreiðslu smits, þangað til annað verður ákveðið.
- Lokahátíð Stóru Upplestrarkeppni 7. bekkinga hefur verið frestað, en hún var áformuð í Stykkishólmskirkju 26. mars nk.
- Fundum sem ekki eru brynir er frestað ef ekki er hægt að nýta fjar- og myndsímafundi eða tölvupóst.
- Því miður liggur heimasíðan niðri vegna lagfæringa og endurgerðar sem stendur.

Þjónustusímar eru:

- Aðalnúmer 430 7800
- Smiðjan 433 8866
- Ásbyrgi 430 7809
- Barnavernd 112 (eftir kl. 16 virka daga, kvöld, helgar og hátíðardaga)



Fyrir eldri borgara

Upplýsingar í þessum kafla eru settar fram í góðri samvinnu við stjórn Félags eldri borgara í Snæfellsbæ. Upplýsingum verður sérstaklega dreift til eldri borgara eftir fjölbreyttum leiðum þannig að við getum komið þeim hratt og vel á rétta staði (í vinnslu).

Forsendan er sú að vernda hópinn sem er í mestri áhættu fyrir smiti vegna Covid-19, skv. leiðbeiningum landlæknis. Það er m.a. gert með því að draga úr samgangi fólks og huga vel að því á hvernig stöðum/svæðum fólk kemur saman.

Útgangspunktur okkar allra er að loka ekki á þjónustu, félagsstarf eða starfsemi, heldur finna leiðir til að veita þjónustu eða bregðast við aðstæðum með því að fara aðrar leiðir, eftir því sem hægt er. Við óskum eftir því að nú leggjumst við öll á eitt og hugsum út fyrir kassann; **hvernig getum við veitt þjónustu, átt félagslíf og stutt hvert annað, eftir nýjum og óhefðbundnum leiðum?**

Einnig - í samstarfi við félagasamtök – reynum við að veita skýrar upplýsingar til eldri borgara og þeirra sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Auk heimsóknarbanns á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri hefur verið gripið til þeirra ráðstafana að takmarka gestagang á helstu opinberu stofnanir bæjarins, til að draga úr smithættu, í samræmi við leiðbeiningar landlæknis og almannavarna.

Ertu með hugmyndir eða spurningar?

Það má hafa samband við bæjarskrifstofu í síma 430 6900, Margréti, formann Félags eldri borgara, í síma 857 9666, senda skilaboð gegnum [Facebook-síðu Snæfellsbæjar](#) eða gegnum netfangið snb@snb.is



Félagsstarf og heilsuefling eldri borgara:

Eftirfarandi ráðstafanir eru gerðar, í samráði við Félag eldri borgara í Snæfellsbæ:

- Heilsuefling eldri borgara í Crossfitstöðinni í Rifi og í Sólarport í Ólafsvík er komið í tímabundið frí.
- Félagsstarf eldri borgara í Klifi fellur niður til 15. apríl.
- Sundleikfimin í sundlaug Snæfellsbæjar fellur niður að svo stöddu.
- Boccia-tímar í íþróttahúsi Snæfellsbæjar falla niður að svo stöddu.
- Ganga/hreyfing eldri borgara í íþróttahúsi Snæfellsbæjar heldur áfram, og hægt er að hafa samband við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa um tilhögun á breyttum tímum eða fjölgun á þeim.
- Annað á vegum Félags eldri borgara heldur áfram í óbreyttri mynd að svo stöddu.

Tilkynningar um allar breytingar munu verða settar hér inn og tilkynntar á vefsíðu og facebooksíðu Snæfellsbæjar.



Þjónusta og starfsemi á vegum Snæfellsbæjar

Opnunartími og heimsóknir

Tekið hefur verið fyrir heimsóknir í stofnanir og húsnæði bæjarins, nema fyrir þau sem þangað eiga **brýn erindi**. Það er í höndum forstöðumanna stofnana að sjá um framkvæmd á þessu. Við óskum eftir góðri samvinnu og skilningi. Nánar tiltekið er um að ræða:

A. Algert bann, sem gildir um:

- **Eldhús leik- og grunnskóla:**
 - Aðgangur annarra en matráða, ræstingafólks, skólastjórnenda og umsjónarmanns fasteigna er bannaður.

B. Veruleg takmörkun; einungis notendur þjónustu

- **Leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, félagsmiðstöðin Afdrep, heilsdagsskóli, íþróttahús og sundlaug:**
 - Grunn- og leikskóli verða starfrækt en með breyttu sniði í ljósi samkomubanns og tilmæla frá Almannavörnum. Tilkynningar hafa verið og munu áfram verða sendar til notenda í gegnum heimasíðu Snæfellsbæjar, vefsíður stofnana og tölvupósta til þjónustuþega.
 - Íþróttir og sund falla niður á meðan á samkomubanni stendur.
 - Heilsdagsskóli, Skólabær, verður starfræktur, en með mjög breyttu sniði.
 - Engar heimsóknir utanaðkomandi aðila eru leyfðar. Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að koma ekki inn í húsnæði þessara stofnana heldur nýta sér síma og tölvupóst ef þörf er á.
 - Foreldrafundum er frestað um óákveðinn tíma eða sinnt í gegnum síma.
 - Enn sem komið er verður engin breyting á starfsemi tónlistarskólans.
 - Sundlaug Snæfellsbæjar lokar frá og með 23. mars.
 - Íþróttahús Snæfellsbæjar er lokað fyrir skólaíþróttir og æfingar yngri flokka ungmennafélagsins. Engar æfingar verða á vegum ungmennafélagsins fyrr



en í fyrsta lagi eftir páska. Ekki er lokað fyrir hreyfingu eldri borgara að svo stöddu.

- Félagsmiðstöðin Afdrep verður lokað að minnsta kosti fram yfir páska.
- **Hafnir Snæfellsbæjar – hafnarvogirnar**
 - Húsnæði hafnarvoganna eru lokaðar öllum óviðkomandi.
- **Ráðhús Snæfellsbæjar**
 - Einungis viðskiptavinir með brýn erindi.
- **Áhaldahús, umsjón fasteigna, slökkvistöð**
 - Einungis starfsfólk.

C. Opið fyrir notkun húsanna, en hvatt til tillitssemi:

- **Félagsheimili**
 - Opið eins og venjulega, en bent er á að samkomubann er í gildi, svo stærri samkomur eru ekki leyfðar.
- **Bókasafn**
 - Enn sem komið er verður bókasafnið opið eins og venjulega.
- **Átthagastofa**
 - Lokað verður í Átthagastofu, allavega fram að páskum.

Við hvetjum til samskipta í síma, tölvupósti eða fjarfundi. Sjá upplýsingar neðst í skjali.

Við munum tilkynna allar breytingar á opnunartímum og starfsemi stofnana Snæfellsbæjar hér, og á heimasíðu og samfélagsmiðlum Snæfellsbæjar, um leið og þær verða.

Fundir

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa.
- Fundi nefnda, ráða og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar má halda sem fjarfundi, ef nauðsyn krefur, sbr. væntanlega breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
- Leiðbeiningar um fjarfundi, fyrir starfsfólk, bæjarfulltrúa og nefndarfólk, verða gerðar aðgengilegar.
- Fyrir vinnufundi og óformlega fundi má nýta fundarsíma/fjölsímtöl.
- Starfsfólk bæjarins skal ekki taka þátt í fundum utanhúss, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal þó leita eftir því að taka þátt gegnum fjarfund.



Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Matar- og kaffitímar (áhöld, aðferðir, frágangur) endurskipulagðir.
- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk skulu ekki haldnir.
- Framboð af matvælum í ísskáp takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.) Matur starfsfólks sé í lokuðum umbúðum.
- **Mötuneyti grunnskóla og leikskóla fylgja í einu og öllu tilmælum almannavarnadeildar RLS og landlæknis.**

Hreinlæti og merkingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Hvetjum til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur langmestu máli og sprittun. Handþvottur skal ávallt valinn, sé þess kostur, en um 25 sek þvottur með sápu skilar mestum árangri, skv. leiðbeiningum.
- Í stofnunum okkar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Að upplýsa og fræða: Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku hið minnsta).
- **Forstöðumenn skulu sjá til þess að áherslur í þrífum verði endurskoðaðar og fara yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa (og spritta) sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv.**

Fjarvinna

- Til þess getur komið að starfsfólk þurfi að vinna fjarvinnu, þ.e. í störfum þar sem það á við. Það gæti t.d. komið til vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini.



- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings, þannig að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða bæjarstjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.
- Starfsfólk er hvatt til að kynna sér aðgengilegar leiðbeiningar um fjarfundi.

Ferðalög

- Engar ferðir til útlanda verða á vegum Snæfellsbæjar. Þetta gildir þangað til annað verður ákveðið.
- Starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni.

Annað - starfsfólk

- Förum eftir fyrirmælum landlæknis.
- Þau sem finna fyrir veikindum mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þau fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu.
- Við mælumst til þess að starfsfólk bæjarins takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum og mannamótum utan vinnu.
- Þau sem telja sig hafa verið í samskiptum við einstaklinga sem eru í sóttkví eða hafa fengið veiruna skulu vinna í fjarvinnu.
- Við heilsumst ekki með handabandi og sleppum allri snertingu.
- Sjá nánar í viðbragðsáætlun Snæfellsbæjar.
- Um greiðslur Snæfellsbæjar til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna COVID-19, fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. mars 2020.



Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Snæfellsbæjar; www.snb.is

Við erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/snb.is/>

Senda má fyrirspurn á netfangið snb@snb.is, sem er vaktað pósthólf, eða hringja í 433 6900.

Þá er hægt að óska eftir og skila inn gögnum, svo og sækja um ýmsa þjónustu og leyfi á vef Snæfellsbæjar undir [eyðublöð](#).

Við bendum á símanúmerin okkar og netföng:

- **Grunnskóli**
 - www.gsnb.is
 - gsnb@gsnb.is
 - s. 433 9900
- **Leikskóli**
 - <http://lsnb.leikskolinn.is/>
 - leikskolar@snb.is
 - s. 433 6925 / 433 6926
- **Íþróttahús**
 - sigrun@snb.is
 - s. 433 9912
- **Sundlaug**
 - sigrun@snb.is
 - s. 433 9910
- **Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar**
 - jadar@snb.is
 - s. 433 6933



- **Tónlistarskóli**
 - tonlistarskoli@snb.is
 - s. 433 9929
- **Hafnir Snæfellsbæjar**
 - bjorn@snb.is
 - s. 433 6922

Gögn og upplýsingar annarra

Minnt er á vef [landlæknis](#) og vefinn [covid.is](#) þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar um COVID-19 sem eru uppfærðar í rauntíma.

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga](#).

Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.

[Samband íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum](#).

Bæjarstjórinn í Snæfellsbæ